



Skýrsla stjórnar NPA miðstöðvarinnar svf

Starfstímabilið 13. júní 2015 til 4. júní 2016

Skýrsla lögð fram á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar 4. júní 2016

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Inngangur | 2 |
| Yfirlit starfstímabils..... | 2 |
| Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar | 4 |
| Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur, félagsmenn | 4 |
| Fjöldi NPA aðstoðarfólks | 4 |
| Stjórn | 5 |
| Fjöldi stjórnarfunda | 5 |
| Starfsmannahald og skrifstofa..... | 5 |
| Aðrir NPA umsýsluaðilar..... | 5 |
| NPA verkefnisstjórn | 6 |
| Fjöldi NPA samninga á landinu | 6 |
| Sveitarfélögin og stjórnarsýsla NPA þjónustunnar | 6 |
| NPA vinnustundin og kjarasamningar | 7 |
| Fræðslumál | 7 |
| Vefur NPA miðstöðvar..... | 8 |
| NPA rannsóknin | 8 |

NPA miðstöðin - www.npa.is**Inngangur**

NPA samstarfsverkefnið, sem svo hefur verið nefnt, innleiðingar- og þróunarverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð, er starfrækt skv. IV. ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks en þar segir í 1. mgr.:

„Sérstöku samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks skal komið á um innleiðingu notendastýrðar persónulegrar aðstoðar. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk með markvissum og árangursríkum hætti. Miða skal við að þjónustan verði skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans um leið og hún verði sem heildstæðust milli ólíkra þjónustukerfa.“

Í 5. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðisins segir:

„Faglegt og fjárhagslegt mat á samstarfsverkefninu skal fara fram fyrir árslok 2016 en þá skal verkefninu formlega vera lokið. Enn fremur skal ráðherra eigi síðar en í árslok 2016 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk og skal efni frumvarpsins m.a. taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins.“

Félagsmálaráðherra, Eygló Harðardóttir, lýsti því formlega yfir 22. október 2014 með tilkynningu á vef velferðarráðuneytis að NPA samstarfsverkefnið yrði framlengt til ársloka 2016 í stað þess að því skyldi lokið í árslok 2014. Alþingi staðfesti framlenginguna með lögum nr. 80/2015 um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, m.s.br. (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð), en þessi lagabreyting var birt í Stjórnartíðindum 22. júlí 2015.

Vinna stjórnar og skrifstofu á starfstímabilinu hefur áfram einkennst af því að NPA samstarfsverkefnið er enn á innleiðingar- og þróunarstigi, m.a. hjá stjórnarsýslu sveitarfélaga og í velferðarráðuneyti. Af því leiðir að fjölmargar áskoranir og álitamál hafa komið upp varðandi ýmsa þætti NPA framkvæmdarinnar. Þetta er m.a. vegna þess að lög, regluverk, samningsform og verkferlar er ennþá í mótnun, ekki síst hjá sveitarfélögunum, og þekking margra aðila á NPA og hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf þarf að vaxa. Reynslan af NPA samstarfsverkefninu er einnig að skila miklum ávinningi og ekki síst hjá NPA miðstöðinni. Mikil vinna og óhagræði hjá NPA miðstöðinni hlýst af því hversu ósamræmt regluverk, nálgun og framkvæmd á NPA er á milli sveitarfélaga. Hinsvegar er starfsemi NPA miðstöðvarinnar stöðugt að eflast, m.a. vegna fjölgunar félagsmanna, NPA notenda.

Yfirlit starfstímabils

Óhætt er að segja að starfstímabilið hafi verið viðburðaríkt fyrir NPA miðstöðina. Á árinu 2015 varð miðstöðin fimm ára og flutti starfsemi sína í nýja skrifstofu að Hátúni 12 í Reykjavík. Á seinni hluta ársins var svo ráðinn nýr skrifstofustjóri til að sinna rekstri miðstöðvarinnar og halda utan um þjónustuhlutverk hennar.

Starfstímabilið einkenndist að miklu leyti af kjaradeilum í íslensku atvinnulífi og NPA miðstöðin hefur ekki farið varhluta af því. Þessar kjaradeilur og launahækkningar í framhaldi af þeim hafa mótað mjög starfsumhverfi NPA miðstöðvarinnar og haft mikil áhrif á notendur NPA þjónustunnar.

Frá upphafi NPA samstarfsverkefnisins hefur verkefnisstjórn um NPA gefið út svonefndan jafnaðartaxta (nú nefnt NPA vinnustund), sem hefur átt að endurspegla heildarkostnað við hverja klukkustund að meðaltali fyrir þjónustu samkvæmt umræddum NPA samningum. Greiðslur sveitarfélaga á grundvelli ákveðins tímafjölda í NPA samningum hafa grundvallast á þessum jafnaðartaxta. Margsinis hefur hins vegar verið á það bent af hálfu NPA miðstöðvarinnar að umræddur jafnaðartaxti endurspegli ekki raunverulegan kostnað fyrir þjónustuna, einkum vegna þess að notendur NPA eru bundnir af ákvæðum kjarasamninga um að greiða starfsfólki sínu kjarasamningsbundin laun og aðrar greiðslur, rétt eins og aðrir launagreiðendur.

Lengi vel var ekki brugðist við ákalli NPA miðstöðvarinnar um að hækka þyrfti NPA samninga til samræmis við launaþróun. Í lok október 2015 stóðu NPA miðstöðin, Þroskahjálp og ÁS styrktarfélag sameiginlega að kynningarfundum um stöðu og fjármál NPA þjónustunnar. Á fundinum mættu fulltrúar sveitarfélaga, Alþingis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyta og verkefnisstjórnar um NPA ásamt NPA notendum og aðstandendum. NPA miðstöðin kynnti á fundinum reiknilíkan fyrir raunverulegan jafnaðartaxta um kostnað við hverja NPA vinnustund. Niðurstaðan var sú að jafnaðartaxtar verkefnisstjórnar um NPA gengju ekki upp þar sem samningar NPA notenda hefðu ekki tekið sömu hækkunum og launahækkningar á almennum vinnumarkaði. Fyrir NPA notendur þýddi það hækkandi launakostnað hjá aðstoðarfólki á meðan fjárframlagið frá sveitarfélögum stæði í stað. Staðan væri alvarleg þar sem margir notendur væru komnir í skuld við sína umsýsluaðila og stæðu þegar frammi fyrir því að þurfa skera niður í þjónustu við sig. Því væri nauðsynlegt að hækka jafnaðartaxta til að endurspegla kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og leiðréttta samninga afturvirkir með tilliti til launahækkana frá 1. maí 2015.

Í framhaldi af fundinum gaf verkefnisstjórn um NPA út tilkynningu um að ekki yrði lengur gefinn út jafnaðartaxti fyrir NPA og sveitarfélögum bent á að fara eftir ákvæðum kjarasamninga við veitingu þjónustunnar. NPA miðstöðin hefur fylgt fundinum eftir með frekari kynningu á reiknilíkani sínu um jafnaðartaxta fyrir NPA og gefa viðbrögð sveitarfélaganna við þeim tilefni til bjartsýni um að fjárhæð samninganna fari loksins að endurspegla raunverulegan kostnað við þjónustuna og kjarasamningsbundnar hækkningar.

Starfstímabilið einkenndist einnig af ágreiningi milli ríkis og sveitarfélaganna varðandi fjármögnun á þjónustu við fatlaða, og átti það einnig við um NPA samstarfsverkefnið. Þessi ágreiningur hefur sett NPA notendur í erfiða stöðu, en á síðustu vikum ársins náðist samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um framlengingu á NPA samstarfsverkefninu og fjármögnun þess. Þannig hækkar hlutdeild ríkisins vegna NPA samninga úr 20% í 25% á árinu 2016. Þrátt fyrir að það skuli út af fyrir sig vera jákvætt eru þó ákveðin vonbrigði að NPA skuli ekki hafa verið hluti af samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um framtíðarfjármögnun á þjónustu við fatlað fólk sem undirritað var þann 11. desember 2015.

Framundan á árinu 2016 eru fjölbreyttar áskoranir og ærin verkefni hjá NPA miðstöðinni. Áfram hefur verið erfitt að fá sveitarfélögin til að endurnýja NPA samninga í tíma fyrir áramót, en nær

undantekningarlaust renna allir NPA samningar út um hver áramót, en eru oft ekki endurnýjaðir fyrir en eftir áramót. Eðlilegast væri að NPA samningar séu endurnýjaðir fyrir áramót með fyrirvara sem sé heldur lengri en uppsagnarfrestur NPA aðstoðarfólks viðkomandi NPA notanda. Stjórn og skrifstofa hefur mikið verið að skoða hvernig NPA miðstöðin getur bætt í þjónustu miðstöðvarinnar við félagsmenn okkar, bæði með aukinni fræðslustarfsemi, ráðgjöf og kynningarverkefnum sem og aðstoð við sjálfa framkvæmdina á NPA. Fjölgun félagsmanna og starfsmanna á skrifstofunni er þar lykilatriði.

Markmið okkar fyrir komandi starfstímabil er að auka þjónustuna við félagsmenn með markvissum hætti. Þá viljum við um leið stuðla að því að slétta úr misfellum sem fram hafa komið í framkvæmdinni á NPA og leiðréttá ósamræmi í túlkun og framkvæmd samninga. Samræming samstarfssamninga við sveitarfélög er mikilvægur áfangi í átt að því markmiði. Við munum jafnframt vera áfram öflugur málssvari fyrir NPA notendur í umræðu um málefni fatlaðs fólks og leggja okkar af mörkum til að sjá til þess að félagsmenn njóti fullnægjandi þjónustu frá sínum sveitarfélögum, í samræmi við aðstæður hvers og eins.

Á komandi starfstímabili munum við einnig horfa inn á við. Við viljum efla og bæta okkar innra starf, setja okkur skilmála um félagsaðild, halda félagsmönnum okkar enn betur upplýstum um starf NPA miðstöðvarinnar, stöðu NPA samninga hjá viðkomandi notanda og byggja upp samskipta- og tengslanet sem virkjar félagsmenn til þátttöku í félaginu og auðveldar þeim að halda utan um og annast framkvæmdina á NPA samningum sínum.

Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar

Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar, sem eru þá með NPA umsýslu sína hjá miðstöðinni, eru nú 17 en voru 12 á síðasta aðalfundi 13. júní 2015. Af þeim eru 3 með beingreiðslusamninga, en þeir eru meðhöndlaðir á sama hátt hjá miðstöðinni og NPA samningar, m.a. hvað varðar 10% umsýslugjaldið til miðstöðvarinnar. Hinir 14 eru félagsmenn með NPA samninga. Á starfstímabilinu hefur verið lögð veruleg vinna í að semja skilmála, samningsform, vinnureglur, reglur um verkaskiptingu, hlutverk og ábyrgð NPA miðstöðvarinnar annarsvegar og félagsmanna hinsvegar, sbr. 3. gr., a. liður, í samþykktum NPA miðstöðvarinnar. Þessi vinna hefur gengið mun betur eftir að Hjörtur Örn Eysteinnsson, skrifstofustjóri, var ráðinn til starfa í lok október 2015. Mikilvægir þættir í þessari vinnu eru skilmálar NPA miðstöðvarinnar og sérstakur samningur milli hvers félagsmanns og NPA miðstöðvarinnar, sem gera þarf þegar beingreiðslu- eða NPA notandi er samþykktur sem félagsmaður með umsýslu hjá miðstöðinni.

Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur, félagsmenn

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll einhverju hinna 15 þjónustusvæða, sem mynduð voru vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar, 17 að tölu, skiptast niður á 7 þjónustusvæði; 7 í Reykjavík, 4 í Mosfellsbæ, 1 í Kópavogi, 1 í Garðabæ, 1 í Hafnarfirði, 1 í Borgarnesi og 1 á Akranesi (Borgarnes og Akranes eru á sama þjónustusvæði) og 1 á Dalvík.

Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Um síðustu áramót gegndu 55 stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsmönnum NPA miðstöðvarinnar, í mismunandi starfshlutfalli.

Stjórn

Á aðalfundi NPA miðstöðvar 13. júní 2015 voru þessi kjörin í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum nýkjörinnar stjórnar þann 1. júlí 2015:

- Rúnar Björn Herrera Porkelsson, formaður
- Ádís Jenna Ástud. Ástráðsdóttir, varaformaður
- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri
- Ragnar Gunnar Þórhallsson, ritari
- Brandur Bjarnason Karlsson, meðstjórnandi

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 1. varafulltrúi

Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu voru haldnir 16 stjórnarfundir; 9 á árinu 2015 og 7 á árinu 2016.

Starfsmannahald og skrifstofa

Í lok október 2015 var Hjörtur Örn Eysteinnsson hdl. ráðinn til starfa í hálfstarf skrifstofustjóra hjá NPA miðstöðinni, en reynsla hans og menntun á sviði lög- og viðskiptafræði hefur komið sér vel í samskiptum við sveitarfélög og NPA verkefnisstjórn. Í vor var starfshlutfall Hjartar hækkað í 75%. Í mars 2016 auglýsti NPA miðstöðin eftir ráðgjafa/skrifstofumanni til starfa og var lögð áhersla á að leita eftir fótluðu fólki sem væri sjálft með beingreiðslu- eða NPA samning. Það gekk ekki eftir en mjög brýnt er að fá ráðgjafa á skrifstofuna því bætt og aukið þjónusta miðstöðvarinnar getur aðeins orðið með því að efla skrifstofuna og fjölgun félagsmanna kallar á aukna þjónustu. Formaður og einstakir stjórnarmenn hafa unnið einstaka verkefni, bæði í sjálfböðavinnu og einnig vinnuframlag sem greitt hefur verið fyrir. Skrifstofan var staðsett hjá Nýsköpunarmiðstöðinni, Keldnaholti, Árleyni 8, Reykjavík, eða allt til loka nóvember 2014, en þá urðum við, að beiðni Nýsköpunarmiðstöðvar, að flytja út vegna breytinga á húsnæðinu að Árleyni 8. Þann 1. september 2015 var svo loks ágætlega rúmgott og aðgengilegt skrifstofuherbergi tekið á leigu, en það er staðsett að Hátúni 12, 105 Reykjavík (Sjálfsbjargarhúsið). Keypt voru skrifstofuhúsgögn og leitast við að hafa þau eins aðgengileg og fjölstillanleg og unnt var. M.a. var keypt fundarborð sem gerir stjórninni kleift að halda stjórnarfundum á skrifstofunni og taka á móti fólki í viðtöl. Þetta með öðru gerir okkur mögulegt að þjónusta núverandi félagsmenn NPA miðstöðvarinnar enn betur og kynna kosti miðstöðvarinnar fyrir fólki með NPA samninga þannig það sjái hag sinn í að til að koma til miðstöðvarinnar með sína umsýslu og gerast þannig félagsmenn. Fjölgun félagsmanna er skilyrði fyrir því að unnt sé að þróa og auka þjónustu NPA miðstöðvarinnar. Bókhald og öll launaumsýsla miðstöðvarinnar er eins og áður unnið af Cilian ehf, bókhaldsþjónustu og BDO ehf, endurskoðunarfyrtæki, annast endurskoðun (lögiltur endurskoðandi).

Aðrir NPA umsýsluaðilar

NPA miðstöðin var í töluverðum samskiptum við ÁS styrktarfélag í kjölfar þess að það félag ákvað að hætta með NPA umsýsluþjónustu, sem félagið tók að sér vorið 2015 þegar Starfsmannamiðlunin, NPA umsýsluaðili, dró saman seglin. Þetta leiddi m.a. til þess að nokkrir einstaklingar sem höfðu verið með NPA umsýslu hjá ÁS styrktarfélagi voru samþykktir í NPA umsýslu hjá NPA miðstöðinni og urðu þar með félagsmenn.

NPA verkefnisstjórn

NPA verkefnisstjórn velferðarráðuneytis er 7 manna: Formaður og 1 fulltrúi til viðbótar er skipaður af félagsmálaráðherra, 3 tilnefndir af sveitarfélögum. ÖBÍ og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna svo 1 fulltrúa hvor. Síðan hefur NPA miðstöðin átt 1 áheyrnarfulltrúa á fundum NPA verkefnisstjórnar. Á starfstímabilinu sátu Ragnar Gunnar Þórhallsson og Hjörtur Örn Eysteinnsson fundi NPA verkefnisstjórnar; Hjörtur tók við af Ragnari Gunnari frá og með 1. janúar 2016.

NPA verkefnisstjórnin hefur m.a. verið að endurskoða NPA handbókina, samningsformin og ýmislegt varðandi NPA framkvæmdina. Töluverðar tafir urðu á vinnu NPA verkefnisstjórnar á árinu 2015 vegna ágreinings Sambands íslenskra sveitarfélaga og velferðarráðuneytis um einkum endurskoðun NPA handbókar og greiðsluhlutfall ríkissjóðs í kostnaði vegna NPA samninga.

Fjöldi NPA samninga á landinu

Fjöldi NPA samninga á landinu öllu mun vera rúmlega 50. Til ársloka 2016, á tímabili NPA samstarfsverkefnisins, hefur NPA verkefnisstjórnin ekki gert ráð fyrir mikilli fjölgun NPA samninga, en það ræðst af fjárveitingum ríkis og sveitarfélaga til verkefnisins. Þó virðast mörg sveitarfélög hafa áhuga á því að breyta gildandi beingreiðslusamningum, sem þau hafa gert við fatlað fólk eða aðstandendur fatlaðra barna, í NPA samninga. Þarna liggja tækifæri fyrir NPA miðstöðina að fá fleiri NPA notendur í umsýslu hjá miðstöðinni.

Sveitarfélögin og stjórnarsýsla NPA þjónustunnar

Skipulag NPA þjónustunnar fellur undir stjórnarsýslu hinna 15 þjónustusvæða sveitarfélaga sem nú eru til staðar fyrir þjónustu við fatlað fólk á landinu. Til að NPA miðstöðin geti starfað og haft NPA notanda, sem á lögheimili innan tiltekins þjónustusvæðis, í umsýslu hjá miðstöðinni verður NPA miðstöðin að hafa starfsleyfi frá þjónustusvæðinu. Einnig þarf NPA miðstöðin að gera NPA samstarfssamning við þjónustusvæðið, sem er einskona rammamningur sem m.a. heimilar NPA notanda sem býr innan þjónustusvæðis að nota miðstöðina sem umsýsluaðila. Ákvæðin um starfsleyfin og NPA samstarfssamninga er að finna í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Þrátt fyrir að ákveðin samningsform hafi verið gerð af hálfu NPA verkefnisstjórnar hafa þjónustusvæðin útfært NPA samstarfssamninga með mismunandi hætti að nokkru leyti og sama gildir um NPA samningana við NPA notendur og NPA reglur þjónustusvæðanna. Ennfremur er fjárhæð NPA vinnustundar í mörgum tilvikum mismunandi milli þjónustusvæða. Þá er afstaða og krafa sveitarfélaga um skilagreinar, upplýsingagjöf og eftirlit mismunandi milli þjónustusvæða. Ef NPA miðstöðin ætlar að starfa á öllum þjónustusvæðunum 15, sem vilji er til, þá þarf að fá starfsleyfi og gera NPA samstarfssamninga við öll svæðin 15 auk samninga við hvern og einn NPA notanda. Hvert hinna 15 þjónustusvæða hefur eftirlitshlutverk gagnvart þjónustuaðilum sem hafa starfsleyfi.

Fulltrúi NPA miðstöðvarinnar í NPA verkefnisstjórn hefur tekið þátt í vinnu við samningaform og endurskoðun NPA handbókar og mikil vinna hefur verið lögð í þau mál af skrifstofustjóra miðstöðvarinnar. Það væri mikið hagræði af því að samræmi væri á landsvísu í regluverki og framkvæmd NPA þjónustunnar fyrir utan að vera spurning um hvort grundvallar borgaraleg réttindi og mannréttindi skuli vera þau sömu á landsvísu, sem er eðlileg krafa fatlaðs fólks. Enginn breyting hefur orðið á því að ef NPA notandi flytur lögheimili sitt milli þjónustusvæða eru ýmsar stjórnarsýslulegar hindranir til staðar, t.d. krafa um að hafa verið búsettur og með lögheimili í sveitarfélagi í tiltekinn tíma áður en réttur til að sækja um NPA samning myndast. Síðla árs 2015

samþykkti velferðarráðuneytið, að kröfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, að hækka framlag ríkissjóðs í jöfnunarsjóð sveitarfélaga úr 20% í 25% af kostnaði vegna NPA samninga. Þetta er framför en ástæða er til að benda á að í Noregi er nú reynslu- og tilraunaverkefni í gangi hjá 18 sveitarfélögum sem fellst í því að norska ríkið fjármagnar alfarið NPA í þeim sveitarfélögum. Tilgangurinn er m.a. sá að auka jafnrétti fatlaðs fólks milli sveitarfélaga til NPA þjónustunnar og auðvelda búferlaflutning fatlaðs fólks með NPA milli sveitarfélaga.

NPA vinnustundin og kjarasamningar

NPA vinnustundin (áður nefnd NPA jafnaðarstund, jafnaðartaxti) er taxti, fjárhæð á hverja klukkustund, sem samanstendur af launakostnaði NPA aðstoðarfólks (85%) og starfsmannakostnaði vegna aðstoðarfólks (5%) til ráðstöfunar fyrir NPA notandann og umsýslugjaldi (10%), sem er rekstrartekjur umsýsluaðilans. Á starfstímabilinu hefur eitt stærsta vandamálið áfram verið að sveitarfélög reikni út og ákveði taxa NPA vinnustundar í NPA samningum sem tekur mið af kjarasamningum á vinnumarkaði. Í langflestum tilvikum er taxti NPA vinnustundar þannig að enginn kjarasamningur á Íslandi getur verið grundvöllur taxtans, þ.e. taxti NPA vinnustundar er töluvert undir slíkum taxa. Reykjavíkurborg hefur þó ákveðið að miða sína útreikninga við tiltekinn kjarasamning, sem er framför. Lágur taxti NPA vinnustundar hefur valdið mörgum NPA notendum verulegum vandræðum, jafnvel skuldsetningu við NPA miðstöðina, og er bein skerðing á NPA aðstoðinni. NPA notendur í dag verða í raun að fækka vinnustundum aðstoðarfólks síns þegar launahækkningar verða skv. kjarasamningum ef þeir eiga að halda kostnaði innan NPA fjárframlags sveitarfélags. Jafnvel þó þeim hafi í NPA samningi í upphafi verið úthlutað tilteknum vinnustundafjölda aðstoðarfólks þá dugar ekki NPA fjárframlagið fyrir raunverulegum launakostnaði þess vinnustundafjölda. Kjarasamningsbundnar launahækkningar urðu 1. maí 2015 og síðan aftur 1. janúar 2016. Sveitarfélögin hafa brugðist seint eða alls ekki við þessum hækkunum. Kjarasamningsbundnar launahækkningar þurfa að vera í ákvæðum NPA samninga og fjárhæð NPA vinnustundar að vera sú sama á landsvísu til að jafnræðis sé gætt. NPA miðstöðin er með sérkjarasamning við Eflingu og Starfsgreinasambandið (SGS) og byggir hann á aðalkjarasamningi þessara stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði. Eitt meginatriðið í NPA sérkjarasamningi miðstöðvarinnar hefur verið að útfæra og semja ákvæði um hvíldarvaktir (sofandi næturvaktir), en þar hefur náðst lending. Vinnueftirlitið hafði aðkomu að umfjöllun um ákvæðin um hvíldarvaktirnar. Mikil samskipti hafa verið á starfstímabilinu við Eflingu og Starfsgreinasambandið vegna NPA sérkjarasamnings NPA miðstöðvarinnar og ýmissa atriða við framkvæmd hans.

Samþykkt var á fundi NPA verkefnisstjórnar 20. október 2015 að hætta að gefa út viðmiðunarfjárhæð NPA vinnustundar og áréttað að sveitarfélög taki mið af gildandi kjarasamningum í NPA samningum. Sveitarfélög hafa notað viðmiðunarfjárhæðina frá NPA verkefnisstjórn sem skálkaskjól fyrir að hækka ekki NPA fjárframlög NPA samninga jafnvel þó þess sé víða krafist í NPA samningum og NPA reglum að uppfylla skuli skilyrði kjarasamninga og reglur vinnumarkaðarins varðandi aðstoðarfólk. Fá sveitarfélög hafa brugðist við þessari breytingu.

Fræðslumál

Fræðslumálin hafa verið í biðstöðu að miklu leyti. Bæði velferðarráðuneytið og stéttarfélögin hafa lýst yfir áhuga á aðkomu vegna þeirra. Mikilvægt er fyrir NPA miðstöðina að koma í gang fræðslu fyrir sína félagsmenn og er það ofarlega á verkefnalistaum.

Vefur NPA miðstöðvar

Í undirbúningi og þróun hefur verið að opna innri vef fyrir félagsmenn; persónubundinn aðgangur fyrir hvern félagsmann, m.a. til að bæta upplýsingagjöf og auka hagræði. Þessar breytingar verða kynntar sérstaklega þegar þar að kemur. Skrifstofa og stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur tekið í notkun Podio hópinnukerfi (www.podio.com) til að halda utan um verkefni og vinnu miðstöðvarinnar.

NPA rannsóknin

Niðurstöður stóru NPA rannsóknarinnar voru í vetrarlok kynnt NPA verkefnisstjórn o.fl., en hafa ekki enn verið kynntar opinberlega. Rannsóknin er unnin af Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum og fleiri aðilum innan Háskóla Íslands, en fjármögnuð af velferðarráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn NPA miðstöðvarinnar